

**1.fundur Ungmennaráðs Hrunamannahrepps 2021-2022 haldinn í Huppusal þann 30. Nóv. 2021 kl. 16.**

*Mættir: Óskar Snorri Óskarsson, Hjörný Karlsdóttir, Ásdís Benediktsdóttir, Emil Vilbergsson, Anna Katrín Víðisdóttir, Þórarinn Guðni Helgason starfsmaður Zero/ungmennaráðs og Halldóra Hjörleifsdóttir oddviti sem ritaði fundargerð.*

Fyrsti fundur nýskipaðs ungmennaráðs og því voru bæði aðal og varamenn boðaðir. Ráðið er skipað eftirfarandi.

Aðalmenn:

Óskar Snorri Óskarsson, skipaður af LÆ nefnd, til tveggja ára .

Hjörný Karlsdóttir, skipuð að LÆ nefnd, til eins árs.

Anna Katrín Víðisdóttir skipuð af nemendaráði Flúðaskóla og

Emil Vilbergsson skipaður af Félagsmiðstöðinni Zero

Varamenn:

Ragnheiður Guðjónsdóttir skipuð af LÆ nefnd, á seinna ári skipunar.

Birgir Janusz Kuc skipaður af LÆ nefnd, til tveggja ára.

Jón Valgeir Ragnarsson skipaður af Nemendaráði Flúðaskóla og

Ásdís Mjöll Benediktsdóttir skipuð af Félagsmiðstöðinni Zero.

En vantar að einn aðalmann og einn varamann.

**Dagskrá fundar.**

- 1.Kynning á starfi ungmennaráðs og skipað í embætti.
- 2.kynning á verkefninu barnvænt sveitarfélag.
- 3.Punktur til fjárhagsáætlunargerðar.
- 4.önnur mál.

**1. Kynning á starfi ungmennaráðs og skipað í embætti.**

Halldóra fór yfir samþykktir ungmennaráðs, verkefni ungmennaráðs og hlutverk þess. Samkvæmt samþykktum skipta fulltrúar með sér verkum á fyrsta fundi. Samþykkt að formaður ungmennaráðs Hrunamannahrepps verði Óskar Snorri Óskarsson, varaformaður Emil Vilbergsson og ritari Hjörný Karlsdóttir.

**2. Kynning á verkefninu barnvænt sveitarfélag.**

Kolbrún Haraldsdóttir kynnti verkefni barnvænt sveitarfélag sem Hrunamannahreppur er að innleiða hjá sér. Í febrúar verður haldið námskeið, á Flúðum, fyrir ungmennaráð sveitarfélaga sem eru þátttakendur í verkefninu og var samþykkt að allt ungmennaráðið færi á þetta námskeið. Kolbrún mun sjá um að skrá ungmennaráðið á námskeiðið. Ungmennaráð er hluti af stýrihóp verkefnisins og mun Kolbrún, sem stýrir verkefninu, vera í sambandi við ungmennaráðið varðandi næstu skref.

### 3. Punktur til fjárhagsáætlunargerðar.

Farið yfir helstu áherslur í fjárhagsáætlun Hrunamannahrepps.

Ungmennaráð Hrunamannahrepps leggur til að lagt verði áhersla á að eftirfarandi punktar verði unnir á næsta ári og gert ráð fyrir fjármagni til þeirra í fjárhagsáætlun.

-Lagfæra körfuboltavöll við skólann- bæta undirlag og passa að hreinsa völlinn reglulega til að hann nýtist sem best fyrir það sem hann er hugsaður til.

-Betri lýsingu við hoppubelginn í Lækjargarðinum.

-Bæta lýsingu á göngustíg við Austurhof (stígurinn sem kemur niður á milli húsa). austurhof

-Heilsuvika-stefnt er að því að halda heilsuviku líkt og stóð til á árinu 2020.

- Setja upp sorpdalla við göngustíga um Flúðir.

-Umhverfisvika-útvíkka umhverfisdaginn sem haldinn er í maí það það að huga að auka umhverfisvitund hjá öllum íbúum.

### 4. Önnur mál.

#### **Næsti fundur.**

stefnt er að því að halda næsta fund fyrir jól. Formaður og starfsmaður verða sjá um að skipuleggja hann.

Fleira ekki rætt og fundi slitið 17:47.